



**77. fundur Fjölskylduráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 8. ágúst 2023
og hófst hann kl. 12:30**

Fundinn sátu:

Sigurður Gunnarsson formaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Guðný Lára Guðrúnardóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Alda Ósk Harðardóttir varamaður, Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir fræðslustjóri, Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri, Þórunn Bylgja Borgþórsdóttir íþrótt- og æskulýðsstjóri, Stefanía Malen Stefánsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs, Marta Wium Hermannsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs og Guðbjörg Gunnarsdóttir starfsmaður fjölskyldusviðs.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Júlía Sæmundsdóttir og Bylgja Borgþórsdóttir, fræðslustjóri, félagsmálastjóri og íþrótt- og æskulýðsstjóri

Áheyrnarfulltrúi leikskólastjórnenda: Guðmunda Vala Jónasdóttir leikskólastjóri Hádegishöfði

Dagskrá:

- 1. 202304201 - Tillaga um daggæsluframlag til foreldra**
Málið áfram í vinnslu.
- 2. 202307040 - Fjöldi leikskólabarna skólaárið 2023-2024 og biðlisti yngstu barnanna eftir leikskólaplássi í júlí 2023**
Fjölskylduráð felur fræðslustjóra að leita leiða varðandi dagvistunarmál 12 mánaða barna sem fyrirséð er að komist ekki inn á leikskóla, í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.
- 3. 202306024 - Ráðstöfun fjármuna í grunnskólum fyrir alla**
Lagt fram til kynningar.
- 4. 202012045 - Skýrsla fræðslustjóra**
Lagt fram til kynningar.
- 5. 202301163 - Skíðasvæðið í Stafdal**
Fyrir liggja til afgreiðslu drög að erindisbréfi fyrir starfshóp með það markmið að móta tillögu að framtíðarfyrirkomulagi reksturs skíðasvæðisins í Stafdal.



Fjölskylduráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi drög að erindisbréfi fyrir starfshópinn. Jafnframt samþykkir ráðið að Guðný Lára Guðrúnardóttir taki sæti í starfshópnum sem fulltrúi meirihluta og Eypór Stefánsson taki sæti minnihluta. Íþrótt- og æskulýðsstjóra falið að virkja starfshópinn.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. 202012084 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning

Teknar eru fyrir breytingatillögur á reglum Múlapings um sérstakan húsnæðisstuðning. Breytingarnar fela í sér að árlegar leiðbeiningar Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins um tekju- og eignamörk þarf ekki að leggja fyrir fjölskylduráð ár hvert, heldur eru þær þau viðmið sem gilda hverju sinni. Þegar nýjar tölur berast frá ráðuneytinu eru þær uppfærðar í reglum af starfsmönnum og á heimasíðu sveitarfélagsins skjólstæðingum til hægðarauka.

Framlagðar breytingatillögur eru samþykktar samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30

